

5 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Eyjafjarðarsýslu um hlunnindi handa**
11. febr. **sparisjóði Svarfaðardals.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Svarfaðardals, vill stjórnarráðið hérmeð endurveita nefndum sjóði um næstu 5 ár, frá 1. jan. þ. á., hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.

6 **Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um hlunnindi**
23. febr. **handa sparisjóði Rauðasandshrepps.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Rauðasandshrepps, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um næstu 5 ár, frá 1. apríl þ. á., hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.